

## **Stoðþjónusta í Varmahlíðarskóla**

### **Almennt**

Varmahlíðarskóli er skóli fyrir alla nemendur. Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk skólans að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda sinna. Sérkennsla og einstaklingsmiðaður stuðningur eru leiðir sem skólinn býður upp á til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu hvers og eins nemanda. Stoðþjónusta Varmahlíðarskóla byggir á grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu sveitarfélagsins Skagafjarðar. Sérkennsla kallar á breytingu á innihaldi náms, kennsluáferðum og/eða kennsluáætlaðum. Við skipulagningu sérkennslu/stuðnings er tekið mið af getu, þörfum og hæfileikum hvers einstaklings. Einnig miðast skipulagning við kennsluáætlaður, stærð bekkja og þá kennslukrafta sem völ er á. Við viljum mæta hverjum nemanda með jákvætt viðmót og virðingu fyrir einstaklingnum að leiðarljósi um leið og passað er að verkefni hans séu við hæfi. Það er mikilvægt að nemendum líði vel í skólanum og geti óhræddir beðið um aðstoð við nám, samskipti eða hver þau önnur mál sem á þeim brenna.

### **Skipulagning og áætlun**

Aðstoðarskólastjóri annast skipulagningu sérkennslu og stuðnings innan skólans í samráði við skólastjóra, umsjónarkennara og aðra þá sem að stuðningi koma. Kennsla og stuðningur er í höndum kennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa. Sérkennsla er skipulögð með ýmsu móti. Kennslan getur verið einstaklingskennsla eða kennsla afmarkaðra hópa. Hún getur farið fram innan eða utan bekkjar, einnig getur verið um samvinnu tveggja kennara í kennslustofu að ræða. Sérkennsla getur verið tímabundin aðstoð við nám eða einstaklingsbundin kennsla og umsjón sem nær til lengri tíma. Skipulag og inntak sérkennslu/stuðnings byggist á mati á stöðu einstakra nemenda. Þarfir nemandans eru greindar á grundvelli námsmats í skóla, skimunarprófa eða sértækra greiningarprófa, svo sem lestrargreininga, niðurstöður samræmdra prófa eða stærðfræðimats. Einnig er stuðst við greiningargögn frá sérhæfðum aðilum, svo sem Greiningarstöð ríkisins.

### **Einstaklingsnámskrá – áætlunir**

Framkvæmd sérkennslu grundvallast á einstaklingsnámskrá. Hún er áætlun um kennslu viðkomandi nemanda. Í henni eru sett fram markmið, kennsluáætlaður, námsefni og námsmat. Hún getur fjallað um allt frá einni námsgrein til allra námsgreina í viðkomandi bekk. Einnig getur þurft að hafa í námskrá kafla um hegðun, samskipti og atferli daglegs lífs. Einstaklingsnámskrá getur þannig verið mjög ítarlegt plagg en einnig áætlun um eina vikustund. Einstaklingsnámskrár eru samdar fyrir skólaárið en endurmetnar um miðjan vetur og við lok skólaárs. Þegar einstaklingsnámskrá liggur fyrir er hún lögð fram á teymisfundi með foreldrum til umsagnar og samþykktar með undirritun.

### **Námsefni**

Ef nemanda hentar ekki það námsefni sem bekkjarfélagar hafa til að ná markmiðum þá er námsefnið aðlagð eða fundið annað námsefni. Mikið úrval námsefnis er í boði og það er á ábyrgð umsjónarkennara og þess sem sérkennslu annast að finna námsefni við hæfi. Það er hægt að hlusta á allt námsefni Námsgagnastofnunar, sjá <http://nams.is/> og sumt námsefni á Skólavefnum. Það er bæði hægt að hlusta á námsefnið í tölvunni eða hlaða því niður á Mp3 eða Ipod. Þetta geta nemendur eða foreldrar sjálfir gert því allir hafa aðgang að Námsgagnastofnun. Viðkomandi námsefni er fundið undir **Námsefni** og síðan hlaðið niður.

Nemendur með lestrarerfiðleika geta einnig nýtt sér forritið Easy Tutor en það er uppsett í öllum tölvum skólans. Forritið les upp texta, bæði af vefsíðum og einnig af skjölum sem nemandi er að vinna með. Þá geta nemendur sem eiga erfitt með ritun fengið að vinna sumar vinnubækur í tölvum. Þeir vinna bækurnar í sérstöku forriti, Foxit Reader, í sínum tölvum og geta einnig látið Easy Tutor lesa upp textann fyrir sig ef þarf. Spjaldtölvur hafa einnig forrit sem lesa upp texta og gera nemendum kleift að vinna rafrænt með námsbækur. Auðvelt er að einstaklingsmiða stuðning í spjaldtölvum sem eru persónuleg eign nemenda með þeim forritum sem henta þeim best.

### **Aðstoð í prófum.**

Við viljum að námsmat skólans sé sanngjarnt og gefi rétta mynd af getu nemenda. Ef við teljum að nemendur þurfi sérstaka aðstoð við námsmat þá er reynt að mæta því. Stundum þarf að lesa upp spurningar fyrir nemanda og/eða veita honum aðstoð við að skrifa upp svörin. Eldri nemendur geta svarað munnlega og tekið upp svörin á tölvuna/spjaldtölvuna. Sumir nemendur eru kvíðnir eða eiga erfitt með einbeitingu, þá getur verið gott að taka próf í næði í sér stofu. Ósk um aðstoð í prófum kemur yfirleitt fram í samtali nemanda og umsjónarkennara, einnig er nauðsynlegt að foreldrar geri viðvart ef þeir telja börn sín þurfa að aðstoð að halda.

### **Teymisfundir.**

Fundað er reglulega vegna þeirra nemenda sem sérkennslu eða stuðnings af einhverju tagi njóta. Myndað er teymi sem í sitja foreldrar, umsjónarkennari, stuðningsfulltrúar sem aðstoða viðkomandi nemanda og aðstoðarskólastjóri. Suma teymisfundi situr fulltrúi frá Fjölskylduþjónustu sveitarfélagsins og aðrir þeir aðilar sem að málum koma, svo sem sjúkraþjálfari og talmeinafræðingur. Sum teymi funda á 6-8 vikna fresti, önnur sjaldnar. Við leggjum áherslu á gott samband við foreldra og að hafa þá með í ráðum um hvaðeina sem að skólagöngu barns þeirra lýtur.

### **Greiningar i skóla, skimanir.**

Skimunarpróf eru handhæg tæki fyrir kennara og aðra þá aðila sem að skólastarfinu koma til að meta árangur nemenda og finna þá nemendur sem eiga í erfiðleikum með ákveðna þætti námsins. Þannig er hægt að grípa inn í áður en erfiðleikar fara að setja sitt mark á nám barnsins.

Eftirtalin skimunarpróf eru notuð í Varmahlíðarskóla:

Lesferill, lestrarpróf í 1.-10. bekk eru lögð fyrir þrisvar á ári

LOGOS lestrarskimanir í 3., 6. og 9. bekk, ef þurfa þykir í framhaldi af Lesferilsprófum

Hraðapróf í lestri í 1.-7. bekk, 4-5 sinnum á ári

Orðarún lesskilningspróf í 3.-8. bekk, einu sinni á ári

Aston Index skimanir í réttritun í 2., 3., 5. og 6. bekk, einu sinni á ári

Leið til læsis skimun og eftirfylgni í 1. bekk

Talnalykill, einstaklingsgreining á stærðfræði eftir þörfum

Tengslakannanir, í 1.-10. bekk

Lestrargreiningar (LOGOS) eru einstaklingsgreiningar á lestri og eru lagðar fyrir ef grunur vaknar um lestrarörðugleika, dyslexiu. Þær eru framkvæmdar af kennurum með réttindi til þess.

## Nemendavernd

Nemendaverndarráð fundar reglulega. Í því sitja: skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, náms- og starfsráðgjafi skólans, skólafulltrúi sem er tengiliður við greiningarteymi, yfirmaður félagsþjónustu. Skóla er skylt að gera foreldrum viðvart þurfi að fjalla um málefni barna þeirra á fundum nemendaverndarráðs en ekki þarf samþykki þeirra fyrir því.

## Fræðsluþjónusta.

Fjölskylduþjónusta sveitarfélagsins Skagafjarðar býður grunnskólum héraðsins aðstoð og ráðgjöf þeirra sérfræðinga sem þar starfa. Þeir eru: Inga Huld Þórðardóttir, talmeinafræðingur Jón Sigurmundsson, sérfræðingur á fjölskyldusviði og Sólveig Rósa Davíðsdóttir, sálfræðingur.

## Gagnlegar heimasíður, tenglar.

[www.nams.is](http://www.nams.is) Námsgagnastofnun ríkisins býður mikið magn námsefnis sem hljóðefni og er öllum frjálst að hlaða því niður. Námsbókunum er hægt að hlaða niður á tölvur og spjaldtölvur/síma og hlusta á þær hvenær sem er. Þá eru á vefnum mörg skemmtileg og gagnleg námsforrit og námsleikir undir Krakkasíður eða undir viðkomandi námsgreinum. Sjón er sögu ríkari!

[www.skolavefurinn.is](http://www.skolavefurinn.is) Gagnlegur og metnaðarfullur vefur fyrir nemendur í grunnskóla og framhaldsskóla. Varmahlíðarskóli er áskrifandi og hafa nemendur skólans aðgang af vefnum á skólatíma. Einnig er hægt að fá einstaklingsáskrift fyrir heimili.

[www.hbi.is](http://www.hbi.is) Heimasíða Hljóðbókasafns Íslands. Safnið þjónaði áður blindum og sjónskertum en þjónar nú einnig þeim sem glíma við dyslexiu og aðra lestrarörðugleika. Lánþegar hafa aðgang að geysistöru safni hljóðbóka auk þess sem safnið þjónar nemendum á framhaldsskólastigi með námsefni. Það er dýrmætt nemendum með lestrarörðugleika að geta hlustað á/lesið allar þær bækur sem félagar þeirra eru að lesa. Þannig er hægt að fylgjast með í umræðunni auk þess sem bækur veita aukinn orðaforða og málskilning.

<http://lesvefurinn.khi.is> Fróðlegur vefur um læsi og lestrarerfiðleika sem var unninn fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

<http://lesblind.is> er vefur með kynningu á lesblinduleiðréttingu samkvæmt aðferðum Ron Davis (Náðargáfan lesblinda).